Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

# Kynning á starfsemi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra

Leifur Þorkelsson framkvæmdastjóri

HNE Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

# Heilbrigðiseftirlit og Heilbrigðisnefnd

*úr lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*

**44. gr.**

Ekkert sveitarfélag skal vera án heilbrigðiseftirlits og greiða sveitarfélögin kostnað við eftirlitið að svo miklu leyti sem lög mæla ekki fyrir á annan veg

**45.gr.**

Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði. Í hverri nefnd skulu eiga sæti sex menn, fimm kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnum, þar af skal einn vera formaður, og einn tilnefndur af samtökum atvinnurekenda á eftirlitssvæðinu. […] *Náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa í nefndina til viðbótar en hann hefur ekki atkvæðisrétt við afgreiðslu mála í nefndinni*.

HNE Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

# Heilbrigðiseftirlit og Heilbrigðisnefnd

*úr lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*

**49. gr.**

Heilbrigðisnefndir á hverju eftirlitssvæði ráða heilbrigðisfulltrúa til að annast eftirlit sveitarfélaganna með þeim viðfangsefnum sem undir lögin falla. Starfi einungis einn heilbrigðisfulltrúi á eftirlitssvæði skal hann jafnframt vera framkvæmdastjóri eftirlitsins

**47. gr.** *[Hlutverk heilbrigðisnefnda.]*

Heilbrigðisnefnd ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga og ákvæðum í sérstökum lögum eða reglum sem nefndinni er eða kann að vera falið að annast um framkvæmd á. Nefndin skal vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á svæði sínu, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum

HNE Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

# Heilbrigðisnefnd:

- Heilbrigðisnefnd er sjálfstætt stjórnvald
- Sveitarfélög skipa í nefndina skv. samstarfssamningi
- Heilbrigðisnefndarfundir eru haldnir 8-10 sinnum ári
- Fundargerðir heilbrigðisnefndar eru kynntar sveitarfélögum en þarfnast ekki staðfestingar þeirra. Fundargerðir eru birtar á heimasíðu HNE (hne.is)
- Nefndarmenn eru fulltrúar alls svæðisins, ekki einstakra svæða, sveitarfélaga eða hópa
- Starfssamningur með síðari breytingum aðgengilegur á vefsíðunni hne.is (er í endurskoðun)

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

# Starfssvæði HNE

Norðurlandskjördæmi eystra (*m.s.br.)* Frá Dalvík til Bakkafjarðar

| | |
|---|---|
| Dalvíkurbyggð | Hörgársveit |
| Akureyrarbær | Eyjafjarðarsveit |
| Svalbarðsstrandarhreppur | Grýtubakkahreppur |
| Þingeyjarsveit | Norðurþing |
| Tjörneshreppur | Langanesbyggð |

HNE Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

# Skipan í heilbrigðisnefnd, samkvæmt samstarfssamningi

| Sveitarfélag | Fulltrúar | ATH |
| --- | --- | --- |
| Akureyri | 2 | Formaður |
| Aðrar sveitarstjórnir í Eyjafirði | 1 | |
| Norðurþing | 1 | |
| Aðrar sveitarstjórnir í Þingeyjarsýslum | 1 | |
| | | |
| Samtök atvinnurekenda | 1 | |
| Náttúruverndarnefndir | 1 (hefur ekki atkvæðisrétt) | Eiga rétt á að tilnefna fulltrúa, hafa ekki gert hingað til |
| Alls | 6-7 | |

HNE Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

# Sýnilegasti hluti starfseminnar er:

- Starfsleyfisvinnsla og útgáfa starfsleyfa (á grunni laga nr.7/1998 og laga nr. 93/1995)
- Eftirlit með starfsleyfisskyldri og skráningarskyldri starfsemi
- Sýnatökur (neysluvatn, matvæli, baðvatn, fráveitur)
- Útgáfa tóbakssöluleyfa og eftirlit með tóbakssölu

HNE Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

# Starfsleyfi heilbrigðisnefndar

**Gefin út á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir**

- Hollustuháttasvið (skólar, samkomuhús, gististaðir)
- Mengunarvarnarsvið (Bensínstöðvar, bílaverkstæði, sorpmóttaka)

**Gefin út á grundvelli laga um matvæli**

- Matvælasvið (veitingastaðir, matvælaframleiðsla, neysluvatnsveitur)

**Tóbakssöluleyfi** (gefin út á grunni laga um tóbaksvarnir)

HNE Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

# Skráningarskyldur atvinnurekstur

**Ný reglugerð (nr. 830/2022) tók gildi 15. nóvember 2022**

- 47 tegundir af starfsemi skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir eru nú skráningarskyld en ekki starfsleyfisskyld
- Eru eftir sem áður eftirlitsskyld og í stað þess að viðkomandi heilbrigðiseftirlit gefi út starfsleyfi þarf að staðfesta skráninguna.
- HES svæðin gagnrýndu reglugerðina harðlega og bentu á að í stað þess að vera til einföldunar myndi hún auka flækjustig

- *Þvottahús – efnalaug; smurstöð - bílaverkstæði*

HNE Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

# Starfsleyfi eftir sveitarfélögum

| Sveitarfélag | Starfsleyfi í gildi | fjöldi starfsstöðva | | |
|---|---|---|---|---|
| | | Hollustuháttasvið | Matvælasvið | Mengunarvarna svið |
| Dalvíkurbyggð | 114 | 51 | 38 | 30 |
| Hörgársveit | 52 | 25 | 22 | 7 |
| Akureyrarbær | 514 | 276 | 135 | 120 |
| Eyjafjarðarsveit | 77 | 28 | 43 | 9 |
| Svalbarðsstrandarhreppur | 41 | 28 | 8 | 7 |
| Grýtubakkahreppur | 31 | 15 | 8 | 9 |
| Þingeyjarsveit | 200 | 113 | 85 | 21 |
| Norðurþing | 136 | 67 | 37 | 40 |
| Tjörneshreppur | 6 | 3 | 2 | 1 |
| Langanesbyggð | 56 | 23 | 10 | 23 |
| *ALLS* | *1227* | *629* | *388* | *267* |

# Valdsvið og þvingunarúrræði XVII kafli laga nr. 7/1998

- Áminning
- Áminning og frestur til úrbóta
- Dagsektir
- Stöðva eða takmarka starfsemi

***Heilbrigðisnefnd tekur á ákvörðun um að beita þvingunarúrræðum, ekki starfsmenn heilbrigðiseftirlitsins***

***Markmið með þvingunarúrræðum er alltaf að þvinga fram úrbætur. Ekki refsing***

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

# Stjórnsýslulög

**Rannsóknarregla**

Stjórnvald skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því.

**Jafnræðisregla**

Við úrlausn mála skulu stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti

**Meðalhófsregla**

Gæta þess að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

**Andmælaréttur**

Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því

# Önnur verkefni

## Sveitarfélög og stjórnsýslustofnanir

- Samþykktir sveitarfélaga (drög að samþykkt eiga að koma frá Heilbrigðisnefnd)
- Umsagnir um skipulagsmál o.fl.
- Umsagnir til sýslumanna vegna leyfisveitinga gististaða og vínveitingastaða

## Samstarf við önnur eftirlitssvæði- stofnanir og ráðuneyti

- Þátttaka í samstarfhópum á vegum MAST og UST
- Upplýsingagjöf og samantekt niðurstaðna
- Umsagnir um fyrirhugaðar laga- og reglugerðarbreytingar

## Þjónusta við atvinnulíf og almenning

- Kvartanir
- Leiðbeiningar
- Leigjendur, t.d. vegna húsnæðis

## Skipaskoðanir

- Sóttvarnarundanþágur fyrir skip í millilandasiglingum

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

# SAMSTARF VIÐ RÍKI OG RÍKISSTOFNANIR

mast Matvælastofnun

UMHVERFIS STOFNUN

eru ráðgefandi stofnanir og hafa samræmingarhlutverk gagnvart heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna

hafa ekki boðvald yfir heilbrigðisnefndum


Heilbrigðisnefnd
Matvæli
Mengandi starfsemi
Hollustuhættir
Matvælastofnun (MAST)
Umhverfisstofnun (UST)
Matvælaráðuneyti
Matvælalög nr. 93/1995
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

# Fjármögnun HNE

- Sveitarfélög bera ábyrgð á fjármálum og rekstri heilbrigðiseftirlits á viðkomandi svæði. Þau hafa umsjón með fjármálum þess, skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga og álagningu eftirlitsgjalda.
- Eftirlitsskyld fyrirtæki greiða árlegt eftirlitsgjald sem stendur undur u.þ.b. (60-70%) að rekstrarkostnaði heilbrigðiseftirlits
- Það sem upp á vantar (30-40%) greiða sveitarfélög á svæðinu í hlutfalli við íbúafjölda (s.b.r. 46. gr. laga nr.7/1998)
- Sveitarfélög innheimta eftirlitsgjöld af fyrirtækjum og greiða ásamt íbúaframlagi til HNE
- HNE er samning við Akureyrarbæ varðandi bókhald og fjárreiður

HNE

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

# Starfsmenn HNE

**Leifur Þorkelsson;** framkvæmdastjóri eftirlitsins og sinnir jafnframt sviðsstjórn mengunarvarnarsviðs.

**Þórey Agnarsdóttir**; sviðsstjóri hollustuháttaeftirlits og sér um eftirlit með þjónustustofnunum á því sviði.

**Steinn Oddgeir Sigurjónsson**; sviðsstjóri matvælasviðs og annast matvælaeftirlit og eftirlit með fyrirtækjum sem því sviði tilheyra.

**Jóhannes Haukur Hauksson**, deildarstjóri austurdeildar og sinnir eftirliti allra sviða á austursvæðinu.

# Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

| Svæði | Stöðugildi | Íbúafjöldi | Eftirlitsskyld fyrirtæki | íbúar á stöðugildi | Fyrirtæki á stöðugildi |
|---|---|---|---|---|---|
| Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur | 24 | 139.875 | 4.000 | 5.828 | 166,7 |
| Heilbrigðiseftirlit Hafnarfj., Kópavogs, Garðabæjar og Mosfellsb. | 13 | 107.658 | 1.622 | 8.281 | 124,8 |
| Heilbrigðiseftirlit Suðurlands | 8 | 31.270 | 1.551 | 3.909 | 193,9 |
| ***Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra*** | ***4*** | ***31.088*** | ***1.227*** | ***7.772*** | ***306,8*** |
| Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja | 5 | 31.030 | 830 | 6.206 | 166,0 |
| Heilbrigðiseftirlit Vesturlands | 4 | 16.480 | 752 | 4.120 | 188,0 |
| Heilbrigðiseftirlit Austfjarðasvæðis | 4,9 | 13.780 | 987 | 2.812 | 201,4 |
| Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra | 3 | 7.430 | 700 | 2.477 | 233,3 |
| Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða | 2 | 7.385 | 558 | 3.693 | 279,0 |
| Alls / Meðaltal | 67,9 | 385.996 | 12.205 | 5.685 | 180 |